

hans að þegja, og með því hafði æst hann, virðist undirdómarinn rjettilega hafa heimfært brot þetta undir 102. og 103. sbr. 31. grein hegningarlaga, sem og hæfilega ákveðið hegninguna þar fyrir til 40 króna sektar, og ber því að staðfesta undirrjettardóminn, sem upp kveðinn er 27. marz þ. á. Svo ber ákærða og að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns við yfirdóminn fyrir flutning þeirra á málinu 10 krónur til hvors um sig.

Meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á óraskaður að standa. Svo ber og ákærða að greiða til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors fyrir flutning þeirra á málinu.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Nr. 14/1875:

Rjettvísinn

gegn

Guðbrandi Einarssyni.

D ó m u r.

Máli þessu er þannig varið, að vorið 1872 eptir fráfarur hafði hvíthyrndur gemlingur, með hreinu fjármarki Bjarna bónda Jónssonar á Skerðingsstöðum í Dalasýslu, einn morgun verið kominn í kvífje hins ákærða, er býr þar á næsta bæ, Hóli, og sjálfur rak þann morgun ærnar heim á kvíarnar. Þegar ákærði sá gemlinginn saman við ærnar, datt honum þegar í hug að marka gemlinginn undir sitt mark, og rak hann í

Því skyni inn í kvíarnar með kvíánum, og markaði hann, þegar búíð var að mjólka, undir mark sitt, án þess nokkur væri við staddur, er hann gjörði það, en gemlinginn markaði hann undir mark sitt í því skyni að slá eign sinni á hann. Nokkru seinna kom Bjarni á heimili ákærða og spurði hann, hvort hann hefði afmarkað gemlinginn, en ákærði bar þá á móti því, þar fleiri voru við staddir, er heyrðu á samtal þeirra; en litlu síðar gjörði ákærði sjer ferð heim til Bjarna, kallaði hann á eintal og sagði honum hið sanna, og bauð honum að bæta honum fyrir þetta tiltæki sitt. Í máli þessu var fyrst tekið próf 25. septbr. f. á., og dómur felldur í því 9. febr. þ. á. af sýslumanninum í Dalasýslu, og var ákærði með dómi þeim dæmdur til að sæta 8 mánaða betrunarhúsvinnu, og að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 4 krónur í málsvarnarlaun til Jens Jónssonar á Hóli; en dómi þessum er eptir ósk hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Yfirdómurinn verður að álíta, að þar sem ákærði fann kindina í sínu eigin kvíffe, heyrir brot hans undir 250. grein hegningarlaganna, og virðist hegningin þá hæfilega metin til fangelsis við vatn og brauð í 4 × 5 daga. Svo ber ákærða og að borga allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun þau, sem ákveðin eru í undirdóminum, og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10 krónur til hvors. Meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Guðbrandur Einarsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 4 × 5 daga. Svo greiði hann og allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til svaramanns síns við

undirrjettinn Jens Jónssonar 4 krónur, og til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, landsritara Jóns Jónssonar og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors um sig fyrir flutning málsins.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. septembermán.

Nr. 5/1875: Sigurgeir prestur Jakobsson

gegn

hreppsnefndinni í Arnarneshreppi.

D ó m u r.

Með dómi, upp kveðnum 16. júlí f. á. fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu, er áfrýjandinn, Sigurgeir Jakobsson, prestur til Grundarþinga dæmdur til að endurgjalda fátækraþjóði Arnarness hrepps allan þann kostnað, sem hreppurinn hefur haft eða eptirleidis kann að hafa af fjölskyldu Ingjalds nokkurs Halldórssonar, er áfrýjandinn hafði gefið í hjónaband við ekkjuna Guðrúnu Gísladóttur, og hefur hjeradsdómarinn byggt þessi dómsúrslit á því, að áfrýjandinn ekki hafi gætt skyldu þeirrar, er á honum hvílir samkvæmt tilskipun 30. aprílmán. 1824 3. gr. 10. tl., að leita upplýsinga um, hvort hvorugt hjónaefnanna hafi þegið sveitarstyrk, er eigi sje endurgoldinn.

Það verður nú ekki sjeð af dómsgjörðunum í þessu skaðabótamáli, að Arnarness hreppur hafi, enn sem komið er, haft nein þyngsli af þessari giptingu, nje orðið að leggja fram neitt fje til styrktar áður nefndum Ingjalði, er hreppurinn geti heimtað endurgoldið, og krafa hreppsins fer þannig fram á að fá